

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja, nr. 955/2006, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Ákvæði 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ný mælitæki, sem setja má á markað og taka í notkun án undangenginnar fyrstu löggildingar, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerðum um viðkomandi mælitæki, skal merkja með miðum í samræmi við tl. 1.1 og tl. 1.3 í 1. gr. viðauka við reglugerð þessa.

#### 2. gr.

Fyrirsögn 1. gr. viðaukans verði:

**1. gr. Miðar fyrir ný tæki og löggildingarmiðar.**

#### 3. gr.

Í tl. 1.1 í 1. gr. viðaukans breytast fyrirsögn og mynd af miðanum og verða þannig:

**1.1 Miðar fyrir nýjar vogir og mælikerfi.**



#### 4. gr.

Í tl. 1.3 í 1. gr. viðaukans breytast fyrirsögn og mynd af miðanum og verða þannig:

**1.3 Miðar fyrir nýja raforkumæla og vatnsmæla.**



#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 44. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtar-menn og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 4. maí 2009.*

**Gylfi Magnússon.**

*Jónína S. Lárusdóttir.*